

**Nd.**

**619. Breytingartillaga**

[49. mál]

við frv. til l. um vinnumiðlun.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

6. gr. orðist svo:

Hverju sveitarfélagi með 500 íbúa eða fleiri er skylt að annast vinnumiðlun samkvæmt lögum þessum og reglugerð settri samkvæmt þeim en öll sveitarfélög skulu hafa atvinnuleysisskráningu með höndum.

Í kaupstöðum, með 10 þúsund íbúa eða fleiri, skulu starfa sérstakar vinnumiðlunarskrifstofur, reknar af hlutaðeigandi sveitarfélagi, en aðrir kaupstaðir og kauptúnahreppar með 1000 íbúa eða fleiri geta falið sérstökum deildum eða starfsmanni sveitarfélagsins að annast vinnumiðlun.

Sveitarfélög með færri en 1000 íbúa geta falið oddvita sínum eða sveitarstjóra að annast vinnumiðlun og atvinnuleysisskráningu, sbr. þó 9. gr. þessara laga.